

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, vatnsverndarsvæði í suðurhlíðum Ingólfsfjalls.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. desember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, frá 4. janúar 2005.

Breytingin felst í því að afmörkun grannsvæðis vatnsbóla Nýbýlaveitu, Berglindar og vatnsveitu Selfoss í suðurhlíðum Ingólfsfjalls breytist. Vatnsvernd fyrir miðbik hlíðarinnar er aflétt og færast afmörkun grannsvæðis bæði austur og vestur fyrir námasvæði í Ingólfsfjalli.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 2. desember 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 16. desember 2005